

STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 1999

Nr. 608

1788

27. september 1999

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 494 12. ágúst 1998,
um friðunarsvæði við Ísland.**

1. gr.

Við 2. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem orðist svo: Þrátt fyrir 1. mgr. eru veiðar með fiskibotn- og flotvörpu heimilar á svæðinu norðan 66°52'00 N og austan 21°10'00 V á tímabilinu 28. september til 31. desember 1999 að báðum dögum meðtöldum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 28. september 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. september 1999.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Þórður Eyþórsson.